



Mynd 1 – Þátttakendur í vettvangsferð. Úr *Framtíð í nýju landi 2004–2007* (2007).

Anh-Dao Tran og Hanna Ragnarsdóttir

Framtíð í nýju landi

Þróunarverkefni með innflytjendum í framhaldsskólum

► Um höfunda ► Efnisorð

Í greininni er fjallað um þróunarverkefnið *Framtíð í nýju landi* (FÍNL). Verkefnið var þriggja ára tilraunaverkefni og því var ætlað til að styðja víetnömsk ungmenni á Íslandi. 35 ungmenni voru skráð þátttakendur í verkefninu. Af þeim hópi voru tólf í skóla eða í starfsþjálfun en önnur voru ekki í formlegu námi. Almenn má segja að víetnömsk ungmenni hafi komið sér áfram í íslensku samfélagi. Ungmennin sem þátt tóku í rannsókninni höfðu flest gert tilraunir til að snúa aftur í skóla til að læra íslensku eða einhverja iðngrein en hætt aftur, aðallega vegna slakrar íslensku-

kunnáttu, skorts á heppilegum íslenskunámskeiðum, skorts á innri hvatningu og sjálfsvirðingu og erfiðra fjölskylduaðstæðna. FÍNL var stofnað í desember 2004 til að bregðast við þessum erfiðleikum. Öll fengu ungmennin aðstoð við heimanám, stuðning frá mentorum og annan skipulagðan stuðning og ráðgjöf. Heildarniðurstöður mats á þróunarverkefninu voru á þá leið að þrátt fyrir nokkra erfiðleika hefðu markmið þess náðst að tvennu leyti. Annars vegar hefði tekist að styðja og efla þátttakendur í að auka við menntun sína og aðlögun að Íslandi, hins vegar hefðu einstaklingar og stofnanir í sameiningu stuðlað að umbótum í menntakerfinu og samfélaginu til að liðsinna ungu fólki af erlendum uppruna. Þróað var líkan sem lýsir því hvernig þeir aðilar, sem mest áhrif hafa á framgang ungra innflytjenda og annarra ungmenna sem eiga undir högg að sækja, geta unnið saman til að auðvelda skólagöngu þeirra og aðlögun. Þótt FÍNL hafi verið hannað fyrir víetnömsk ungmenni á Íslandi má nota líkanið sem þróað var við að leysa vanda ungmenna hvar sem er í heiminum.

Project Springboard: Development project with immigrants in upper secondary schools

► About the authors ► Key words

The Vietnamese community in Iceland is isolated because most of its people came as refugees. Some of them had limited education, and learning Icelandic has proved to be very difficult for them. As a result, parents with school age children had limited understanding of the Icelandic school system and society, and didn't know how to effectively seek assistance for their children. Also, there was a great number of Vietnamese youth who dropped out of secondary education.

As a result, Project Springboard (PS) was established in December 2004. Thirty-five youth of Vietnamese background between the ages of 16 and 25 registered as participants. Participants who were in schools were provided with tutors, mentors and other support personnel and counseling. Youth who were not in school were assigned to Fjölsmiðjan (Youth Work Centre) or companies to do training and building up their Icelandic to prepare for vocational schools or further training.

Project Springboard was a three year pilot project involving systematic interaction with all participants – the youth, the schools, the mentors and the companies – with constant cooperation, evaluation and intervention. It could be categorized as a qualitative research inquiry. It actively worked to assist Vietnamese youth and at the same time collect data for annual progress reports. Data was collected during regular interviews and meetings that the project director and staff held with the participants to follow up on their cooperative progress and an evaluation.

The first goal of the project was to support and strengthen its participants' education and integration in Iceland. The second goal was to activate individuals and institutions to contribute towards creating changes in the education system and the society to bring about more educational success to first generation immigrant youth. To realize these goals PS needed to activate both private and public sectors of the society and their families to take part in it. To assess the success of PS the research question that needed to be answered was:

How can entities that have the most influence in the development of youth – parents, employers, institutions, mentors, and schools – by cooperating to facilitate the integration process of youth of foreign backgrounds?

After the three years, PS reported the hindrances with which immigrant youth had struggled in their quest for education and integration and how it had managed to counteract these hindrances. The first hindrance was the lack of courses available to learn and become proficient in Icelandic in order to attend upper secondary school. The second hindrance was the lack of Icelandic proficiency and low educational background. The third hindrance was the lack of motivation and self-esteem. The fourth hindrance was difficult family situations. For these youth, without the vigorous support of their families and the school system, the academic road was just too long and difficult to endure.

The overall findings were that PS succeeded in completing the two goals it set to accomplish. The response to the research question was a working model of how entities that have the most influence in the development of immigrant and disadvantaged youth could cooperate and facilitate their education and integration process (*Framtíð í nýju landi 2004–2007*, 2007). Furthermore, even though PS was designed for Vietnamese youth in Iceland, the model can be used for disadvantaged youth anywhere in the world.

Inngangur

Samkvæmt nýlegri skýrslu byggðri á tölulegum upplýsingum frá Hagstofu Íslands er brotthvarf innflytjenda úr framhaldsskólum á Íslandi meira en brotthvarf íslenskra jafnaldra þeirra (Ari Klængur Jónsson og Elsa Arnardóttir, 2012). Þessar niðurstöður eru samhljóða niðurstöðum í nýlegri skýrslu frá OECD (2012), *Equity and Quality in Education*, þar sem fram kemur að innflytjendur í flestum OECD-löndum hætta fyrr í skóla en innfæddir og brotthvarf úr framhaldsskóla er meira meðal þeirra en meðal innfæddra. Úrræði og leiðir til að koma í veg fyrir brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum hljóta því að vera aðkallandi verkefni.

Markmið greinarinnar er að fjalla um þróunarverkefnið *Framtíð í nýju landi* (FÍNL)¹, aðdraganda þess, skipulag og ferli, mat á því og þann lærdóm sem draga má af því. Í verkefninu fólst að ýmsir aðilar; fyrirtæki, skólar, foreldrar, stofnanir, félög, mentorar og sjálfboðaliðar, aðstoðuðu víetnömsk ungmenni í námi og starfi. Hver og einn aðili sem að verkefninu kom hafði tilteknu hlutverki að gegna ungmennunum til stuðnings. Þannig var stuðlað að heildarsýn (e. *holistic approach*) á hvert ungmenni. Samhliða verkefninu var safnað gögnum um framvindu þess sem síðan var unnið úr og samantekt birt í ársskýrslum verkefnisins. Gögnin voru einnig nýtt í lokamati á verkefninu. Verkefnið hófst á fullveldisdegi Íslendinga, 1. desember, 2004 og því lauk nákvæmlega þremur árum síðar.

Meginmarkmið þróunarverkefnisins FÍNL var í stórum dráttum að aðstoða ungmenni af víetnömskum uppruna við að afla sér menntunar og skipuleggja líf sitt til þess að þau mættu verða virkari þátttakendur í íslensku samfélagi. Jafnframt var hugað að því hvað helst hindraði unga innflytjendur í að ná markmiðum sínum í lífinu og hvers konar stuðningsnet væri nauðsynlegt til að styðja unga innflytjendur við að aðlagast samfélaginu. Ætlunin var að verkefnið skilaði reynslu sem nýttist íslensku samfélagi; unnt yrði að móta með því heildstætt líkan fyrir stuðning við menntun og sjálfsefningu ungmenna af erlendum uppruna. Hugmyndin var að þótt líkanið yrði byggt á reynslu afmarkaðs hóps innflytjenda gæti það orðið fyrirmynd fyrir aðra innflytjendahópa og einnig nýst íslenskum ungmendum sem standa höllum fæti. Með því að þróa innra starf framhaldsskóla og þróa stuðningsnet ýmissa aðila mætti draga úr líkum á ótímabæru brotthvarfi innflytjenda úr framhaldsskólum. Gildi verkefnisins felst í mótun líkans að stuðningsneti ýmissa aðila og hvatningu til náms, sem dregið getur úr brotthvarfi innflytjenda úr framhaldsskólum.

¹ Anh-Dao Tran var verkefnisstjóri verkefnisins *Framtíð í nýju landi* og Hanna Ragnarsdóttir var ráðgjafi við verkefnið. Verkefnið var styrkt af eftirtöldum aðilum: Æskulýðssjóði, Rauða krossi Íslands, Eflingu stéttarfélagi, Reykjavíkurborg, Menntamálaráðuneyti, Félagsmálaráðuneyti, Velferðarsjóði íslenskra barna, Sorpu og Alþjóðahúsi.

Í greininni er leitað svara við spurningunni: Hver er reynslan af þróunarverkefninu *Framtíð í nýju landi* og hvernig nýttist það þátttakendum? Greinin er byggð á úrvinnslu ýmissa gagna sem safnað var meðan á FÍNL-verkefninu stóð, svo sem skýrslum, fundargerðum, rannsóknarniðurstöðum og matsgögnum, auk reynslu höfunda sjálfra af verkefninu. Fjallað er um uppbyggingu verkefnisins, mat og rannsóknir sem fram fóru samhliða því og fræðilegt samhengi þess.

Fræðilegt samhengi – íslenskar og erlendar rannsóknir

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar undanfarin ár á stöðu og reynslu ungmenna af erlendum uppruna í skólum á Íslandi og í öðrum löndum (Hanna Ragnarsdóttir, 2011; Nína V. Magnúsdóttir, 2010; Schubert, 2010). Rannsókn Solveigar Brynju Grétarsdóttur á námsárangri 119 unglunga með annað móðurmál en íslensku í framhaldsskólum árið 2007 leiddi í ljós að ungmenni af erlendum uppruna eiga mjög erfitt með nám í framhaldsskóla og að 63% þeirra hefja þar aldrei nám eða hætta eftir ítrekaðar tilraunir (Solveig Brynja Grétarsdóttir, 2007).

Í umfjöllun sinni um námsmannaheldni (e. *student retention*) og starfsþroska nemenda í tengslum við rannsókn á brotthvarfi ungmenna úr skólum á landsbyggðinni og atvinnuþátttöku þeirra nefnir Helga M. Steinsson (2007) að fyrir 40 árum hafi verið litið á lélegt námsgengi nemenda sem þeirra eigin mistök en ekki skólanna. Nemendur sem hættu námi voru þannig „sagðir minna hæfir en aðrir og hafa minni metnað og áhuga á að notfæra sér námstilboð skólanna“ (bls. 179). Helga vitnar jafnframt í niðurstöður nýlegra, erlendra rannsókna þar sem námsárangur nemenda (e. *student success*) er undantekningarlaust talinn tengjast jákvæðri reynslu nemenda af þáttum eins og kennslustundinni, námstækni nemenda, námsráðgjöf og faglegrri þróun stofnunar (Braxton, 2000; Helga M. Steinsson, 2007; Humphrey, 2006; Seidman, 2005). Námsmannaheldni er enn fremur talin fylgja tengslum nemendanna við félagahópinn, gæðum kennslunnar, hjálpssemi og aðgangi að kennurum, gæðum endurgjafar (e. *feedback*), því hvort þeir tilheyrðu hópi og hversu sjálfstæðir þeir voru (Helga M. Steinsson, 2007).

Fleiri rannsóknir hafa beinst að félagslegu umhverfi menntunar, svo sem rannsókn Bean og Eaton (2001), en samkvæmt niðurstöðum hennar þurfa skólastofnanir að skilja hvernig félagsleg aðlögun nemenda helst í hendur við framgang þeirra í námi. Bean og Eaton benda á að nemendur þurfi að trúa því að þeir geti lært og séu ábyrgir fyrir sinni eigin menntun. Þannig þurfi að glæða með einhverjum hætti áhuga nemenda, bæði félagslegan og á sviði námsins.

Niðurstöður langsniðsrannsókna (e. *longitudinal*) Portes og Fernández-Kelly (2008), sem hófst árið 1992, á menntunarferli 5.200 innflytjendabarna í Bandaríkjunum eru einnig áhugaverðar til samanburðar við FÍNL. Börnin í þeirri rannsókn voru tekin í viðtöl þrisvar sinnum, á þremur mikilvægum aldursskeiðum; fyrst í miðskóla (e. *junior high school*), þegar þau voru að meðaltali 14 ára, næst stuttu áður en þau útskrifuðust úr framhaldsskóla (e. *high school*) eða hættu í skóla, að meðaltali 17 ára, og loks þegar þau voru að hefja störf á vinnumarkaði eða að hefja framhaldsnám eftir fyrstu háskólagráðu, að meðaltali 24 ára að aldri. Fram kom að einungis einu prósentu af þessum hópi, eða 50 ungmönnum, tókst að ljúka framhaldsnámi í háskóla þrátt fyrir erfiðar aðstæður snemma á táningsaldrinum. Þrír þættir hjálpuðu þeim til að ná árangri; í fyrsta lagi eðli fjölskyldulífs þeirra, í öðru lagi tilkoma utanaðkomandi aðila og í þriðja lagi opinber stuðningur fólgin í sérstökum áætlunum um aðstoð við nemendur úr minnihlutahópum.

Eðli fjölskyldulífsins lýsti sér í því hvernig aga og hvatningu börnin fengu hjá fjölskyldunni og hvers konar menningararf fjölskyldan hafði meðferðis frá fyrra heimalandi. Foreldrarnir fluttu með sér þekkingu á starfsgrein sinni og þá formlegu menntun sem þeir höfðu hlotið í

heimalandinu; það var þeirra mannauður. Notagildi þessa auðs á nýjum stað réðst hins vegar af því hvernig embættismenn og stofnanir í nýja landinu mátu hann, og um það höfðu einstaklingarnir sjálfir lítið að segja (Portes og Fernández-Kelly, 2008). Þeir höfðu hins vegar vald yfir veruhætti fjölskyldunnar (e. *family habitus*), sem markaði félagslega stöðu þeirra, gildismat og væntingar til barnanna í framtíðinni, og hafði síðan áhrif á mótun barnanna (Blank, 2009; Brooker, 2002; Portes og Fernández-Kelly, 2008) og gat reynst þeim notadrjúgur til frambúðar.

Annar þátturinn, sem Portes og Fernández-Kelly (2008) nefndu, var mikilvægur utanaðkomandi aðili (e. *significant other*) og gat verið hver sem var – kennari, fjölskylduvinnur, eldra skyldmenni, einstaklingur úr samfélaginu eða ráðgjafi – sem var áfjáður í að láta gott af sér leiða í lífi barnsins og bjó yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að leiðbeina því við að byggja upp árangursríkt líf.

Þriðji þátturinn var sérstök stuðningsverkefni fyrir minnihlutanemendur þar sem virðing var borin fyrir menningu þeirra og móðurmáli (Portes og Fernández-Kelly, 2008).

Hugmyndir um skipulagt mentorastarf til stuðnings ungmennum hafa verið þróaðar í ýmsum löndum og borið árangur, ekki síst með fjölbreyttum hópum ungmenna hvað varðar uppruna og tungumál (Colley, 2003; Cruddas, 2005). Þar sem sum ungmenni hafa ekki aðgang að stuðningsneti fjölskyldu og vina er þörf á öðrum stuðningsaðilum. Ungmönnum sem alist hafa upp við erfiðar aðstæður, fátækt, kynþáttamisrétti, fordóma eða upplausn í fjölskyldum er þannig talin meiri hætta búin en öðrum, sem alast upp við betri aðstæður, og koma til með að bera þess merki þegar þau verða fullorðin (Children's Defense Fund, 2001).

Rannsóknastofnunin Child Trends í Bandaríkjunum gerði úttekt á tíu mentoraverkefnum og komst að þeirri niðurstöðu að verkefnið hefðu þrenns konar áhrif á einstaklingana; á árangur þeirra í skóla, heilbrigði þeirra og öryggi, og félagslegan og tilfinningalegan þroska. Áhrifin á skólaárangur lýstu sér í betri skólasókn, auknum möguleikum á að komast í háskólanám og jákvæðara viðhorfi til náms. Í félagslegum og tilfinningalegum eignum ýttu mentoraverkefni undir jákvæð félagsleg viðhorf og tengsl (Jekielek, Moore, Hair og Scarupa, 2002).

Ungir innflytjendur á Íslandi

Erlendir ríkisborgarar á Íslandi voru 3.240 eða 1,4% þjóðarinnar árið 1980 (Hagstofa Íslands, 2012a), en 24.379 eða 7,6% þjóðarinnar í upphafi árs 2009 þegar fjöldi þeirra var mestur. Síðan hefur þeim fækkað nokkuð (Hagstofa Íslands, 2012b). Ungum innflytjendum hefur hins vegar fjölgað mjög undanfarið ár á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2013). Hildur Blöndal (2007) komst að því, á grundvelli talna frá Hagstofunni, að um 2.200 ungmenni af erlendum uppruna á aldrinum 17 til 25 ára voru búsett á Íslandi árið 2005. Til viðbótar er vitað að 709 börn og ungmenni af erlendum uppruna á aldrinum 10 til 27 ára fengu íslenskan ríkisborgararétt á árunum 2000 til 2005 (Hagstofa Íslands, 2012c).

Niðurstöður ýmissa rannsókna benda til þess að margir ungir innflytjendur á Íslandi standi höllum fæti í námi og félagslega (Nína V. Magnúsdóttir, 2010; Schubert, 2010; Þóroddur Bjarnason, 2010) og að brotthvarf þeirra frá námi sé meira en brotthvarf íslenskra jafnaldrar þeirra (Ari Klængur Jónsson og Elsa Arnardóttir, 2012). Niðurstöður rannsóknar Anh-Dao Tran (2007a) með víetnömskum ungmönnum benda til þess að nemendur af víetnömskum uppruna séu sérstakur áhættuhópur í þessu sambandi vegna þess að þeir eru einangraðir frá samfélaginu þegar báðir foreldrar eru víetnamskir, tala ekkert vestrætt tungumál og hafa stutta formlega menntun að baki. Þær ástæður sem ungmennin gáfu fyrir brotthvarfi úr skóla voru námserfiðleikar, félagslegir erfiðleikar innan skóla, þrýstingur á að leita sér að atvinnu og þörf fyrir að taka sér hvíld frá námi. Í niðurstöðum rannsóknar-

innar kom einnig fram að víetnamskir foreldrar höfðu minni skilning en almennt gerist á íslensku skólakerfi og íslensku samfélagi. Þeir tóku líka minni þátt en flestir aðrir foreldrahópar í starfi skólanna.

Samkvæmt upplýsingum Lárusar Blöndal (munnleg heimild, 11. febrúar 2007), starfsmanns Hagstofunnar, töldu 1.220 ungmenni af erlendum uppruna á aldrinum 16 til 24 ára fram til skatts árið 2005. Þau unnu við fiskvinnslu, mannvirkjagerð, fiskveiðar, verslun, gistiþjónustu, samgöngur, flutninga og fleira. Þessar tölur gefa nokkra hugmynd um stærð markhópsins fyrir verkefnið. Af tölunum má draga þá ályktun að 55% ungs fólks af erlendum uppruna hafi verið á vinnumarkaðnum. En hvað voru hin 45 prósentin að gera? Æskilegt væri að hafa frekari tölfræðilegar upplýsingar um þennan hóp eftir að hann er kominn af skólaskyldualdri.

Aðstæður fólks af erlendum uppruna til að eiga jákvæð samskipti við aðra hópa íslensks samfélags og nýta þá möguleika sem í boði eru til að menntast og þroskast eru mjög mismunandi. Ræður þar miklu uppruni manna, íslenskukunnátta, félagsleg og efnahagsleg staða og tengsl við innfædda Íslendinga (*Framtíð í nýju landi 2004–2007*, 2007). Víetnamska samfélagið á Íslandi hefur stækkað með vaxandi straumi innflytjenda til landsins. Fyrstu kynslóðar einstaklingar af víetnömskum uppruna voru 26 talsins árið 1981 en 438 árið 2008. Hagstofa Íslands byrjaði að skipta fjölda innflytjenda meðal þjóðarinnar niður eftir aldri og kyni árið 1998 og samkvæmt skýrslu stofnunarinnar voru víetnömsk ungmenni á aldrinum 16 til 25 ára 93 talsins árið 2008 (Hagstofa Íslands, 2013). Víetnamskir innflytjendur eru að mörgu leyti í minni almennum tengslum við samfélagið en sambærilegir hópar í öðrum löndum vegna þess hve lágt menntunarstig þeirra er, þroskudar fyrir því að læra íslensku háir og oft er um óblandaðar fjölskyldur að ræða í þeirri merkingu að báðir foreldrar eru víetnamskir (Anh-Dao Tran, 2007a). Geta þeirra til að leiðbeina börnum sínum, hvort sem börnin eru aðflutt eða fædd hérlandis, er takmörkuð, sérstaklega þegar kemur að menntunarlegum og félagslegum þáttum sem skipta miklu fyrir aðlögun þeirra og framtíð. Foreldrarnir, sem oft tala litla íslensku, hafa takmarkaða þekkingu á því hvaða aðstoð er í boði og hvar hægt er að leita eftir henni. Skortur þeirra á yfirsýn helgast ekki síst af því að mismunandi þjónustuaðilar, svo sem félagsþjónusta, menntastofnanir og námsráðgjafar, fást aðeins við afmarkaða þætti og fáir eru í stakk búinir til að veita heildstæða ráðgjöf. Móðir eins af þátttakendunum í FÍNL-verkefninu sagði að börnin hennar ættu erfitt með að finna leiðir til að halda áfram námi eftir grunnskóla. Takmörkuð kunnátta í íslensku og lítil þekking á skólakerfinu, hindraði þau, foreldrana, í að aðstoða börnin sín (*Framtíð í nýju landi 2004–2007*, 2007).

Niðurstöður rannsóknarinnar *Jafnrétti til náms – tálsýn eða veruleiki – Staða víetnamskra ungmenna í íslensku samfélagi* (Hilma H. Sigurðardóttir, 2005) með víetnömskum ungmönnum á aldrinum 16 til 25 ára á Íslandi bentu til þess að þau fengju ekki nægan stuðning frá fjölskyldum sínum. Þau skorti sjálfstraust og ættu erfitt með að forgangsraða í lífi sínu til að ná langtíamarkmiðum. Skortur á íslenskukunnáttu var nefndur sem stærsta hindrunin fyrir tengslum þeirra og samskiptum við Íslendinga og að hann gerði aðlögun þeirra og menntun erfiða. Þó töldu mörg þeirra að nám með starfi gæti verið lausn á vanda þeirra. Þeim fannst líka að Íslendingar mættu vera opnari fyrir samskiptum svo að þeim myndust þau velkomnari. Draumur þeirra var að öðlast næga íslenskukunnáttu til að finna sér fast starf og fá góð laun.

Áður en FÍNL-þróunarverkefnið hófst höfðu fundist vísbendingar um veika stöðu víetnamskra ungmenna í íslensku samfélagi sem urðu hvatinn að verkefninu. Meginmarkmið þess var í stórum dráttum að aðstoða ungmenni af víetnömskum uppruna við að afla sér menntunar og skipuleggja líf sitt til þess að þau mættu verða virkari þátttakendur í íslensku samfélagi.

Aðferð

Greinin er byggð á úrvinnslu ýmissa gagna sem safnað var meðan á FÍNL-verkefninu stóð, svo sem skýrslum, fundargerðum, rannsóknarniðurstöðum og matsgögnum, auk reynslu höfunda sjálfra af verkefninu.

Meðan á verkefninu stóð var gagna aflað í viðtölum og á fundum sem haldnir voru reglulega með rannsóknaraðilum – þátttakendum, fyrirtækjum, kennurum, skólastjórum og mentorum – til að fylgjast með framförum þátttakendanna og samvinnu í verkefninu. Einnig kom fram í gögnunum hvaða erfiðleikar mættu ungu innflytjendunum og hvers konar stuðningsnet styddi þá. Í lok hvers níu mánaða samstarfstímabils þátttakenda og mentora voru tekin viðtöl við báða aðila þar sem spurt var um þróun sambands þeirra og umbætur sem þyrftu að eiga sér stað í verkefninu. Umræður, ákvarðanir og áætlanir, gerðar á 50 stjórnarfundum, voru einnig skráðar í smáatriðum. Þá voru teknar saman ársskýrslur á hverju ári meðan á rannsókninni stóð, byggðar á gögnum sem aflað var hvert ár (Framtíð í nýju landi, 2005, 2006, 2007).

Þrjár rannsóknir voru gerðar í tengslum við verkefnið og er m.a. byggt á niðurstöðum þeirra í greininni. Rannsóknir Anh-Dao Tran (2007a) og Hilma H. Sigurðardóttur (2005) sem áður hefur verið getið í stuttu máli voru notaðar við mótun markmiða og leiðbeininga fyrir verkefnið. Niðurstöður úttektar Guðbjargar Daníelsdóttur (2007) voru tvíannaðar saman við þann lærdóm sem dreginn var af verkefninu í lokin.

Anh-Dao Tran gerði rannsókn á frammistöðu asískra ungmenna á aldrinum 14–20 ára í skólum á Íslandi á árunum 2002 til 2004 (Anh-Dao Tran, 2007a). Rannsóknin var eigindleg og byggðist á 120 hálfskipulögðum viðtölum. Þátt tóku 35 ungmenni í námi, ellefu sem höfðu hætt í námi og 32 foreldrar, úr fjórum hópum innflytjenda: Japana, Filippseyinga, Taílandinga og Víetnama. Að auki voru tekin viðtöl við ellefu kennara og níu stjórnendur í fjórum framhaldsskólum og fimm grunnskólum.

Hilma H. Sigurðardóttir (2005) gerði könnun fyrir FÍNL á högum víetnamskra nemenda. Könnunin var styrkt af Reykjavíkurborg og Nýsköpunarsjóði námsmanna og var henni ætlað að varpa betra ljósi á stöðu ungmennanna við upphaf verkefnisins. Könnunin byggðist á bæði meginlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum. Spurningalisti var lagður fyrir 43 ungmenni af 90 sem bjuggu í Reykjavík sumarið 2005. Hálfskipulögð viðtöl voru einnig tekin við sex af þessum ungmönnum.

Loks gerði Guðbjörg Daníelsdóttir (2007) mat á FÍNL-verkefninu frá febrúar til aprílloka 2007. Matið var ferilúttekt (e. *process evaluation*), sem skilgreind er sem eigindleg rannsóknaraðferð. Alls voru 26 viðtöl tekin við eftirfarandi aðila: Níu ungmenni sem voru þátttakendur í FÍNL, tvo foreldra, fjóra mentora, tvo kennara, tvo sjálfboðaliða sem veittu námsaðstoð, tvo vinnuveitendur eða verkstjóra, þrjá fulltrúa í verkefnistjórn FÍNL og tvo starfsmenn FÍNL.

Skipulag og ferli FÍNL

Meginmarkmið þróunarverkefnisins FÍNL var í stórum dráttum að aðstoða ungmenni af víetnömskum uppruna við að afla sér menntunar og skipuleggja líf sitt til þess að þau mættu verða virkari þátttakendur í íslensku samfélagi. Upphafsmáður verkefnisins var Anh-Dao Tran, sem naut trausts víetnamska samfélagsins vegna starfs hennar innan skólakerfisins og vegna þess að hún talaði móðurmál þess. Auk menntunarpáttarins var í verkefninu hugað að því hvers konar stuðningsnet væri nauðsynlegt til að styðja unga innflytjendur til aðlögunar að íslensku samfélagi og hvetja þá til náms. Ætlunin var að verkefnið skilaði reynslu sem nýttist íslensku samfélagi; unnt yrði að móta með því heildstætt líkan fyrir stuðning við menntun og sjálfsefningu ungmenna af erlendum uppruna.

Hugmyndin var að þótt líkanið yrði byggt á reynslu afmarkaðs hóps innflytjenda gæti það orðið fyrirmynd fyrir aðra innflytjendahópa og einnig nýst íslenskum ungmennum sem standa höllum fæti. Með því að þróa innra starf framhaldsskóla og þróa stuðningsnet ýmissa aðila mætti draga úr líkum á ótímabæru brotthvarfi ungra innflytjenda úr framhaldsskólum. Til að mynda öflugt stuðningsnet sátu í stjórn verkefnisins *Framtíð í nýju landi* frá upphafi fulltrúar Reykjavíkurborgar, Rauða kross Íslands, Félagsmálaráðuneytis, Menntamálaráðuneytis, Alþjóðahúss og Velferðarsjóðs barna á Íslandi. Í febrúar 2006 gerðist Efling – stéttarfélag aðili að verkefninu. Fyrstu sex mánuðir verkefnisins voru notaðir til undirbúnings og umræðna um það hvernig mætti vinna á markvissan hátt með ungmennunum í þau þrjú ár sem ætluð voru í verkefnið. Verkefnisstjórnin tók virkan þátt í mótun verkefnisins og leitaðist jafnóðum við að finna leiðir til að yfirstíga hindranir sem komið höfðu í ljós. Stöðug tengsl, ígrundun og inn grip stjórnarinnar gerðu verkefnið lifandi og virkt (Koshy, 2005). Verkefnisstjórnin virkjaði bakland sitt til að koma á fót þjónustu af mismunandi toga sem reyndist dýrmæt, svo sem að afla mentora, veita lögræðiráðgjöf, afla viðbótarstuðnings innan skóla og veita íslenskukennslu, svo eitthvað sé nefnt. Samstarfsaðilarnir gegndu enn fremur lykilhlutverki við fjáröflun fyrir verkefnið. Til þess að kynnast ungmennunum og mentorum þeirra hittu stjórnarmenn þau nokkrum sinnum á ári þegar tilefni og tími gafst til; þeir tóku til dæmis þátt í sameiginlegum málsverðum með þeim á vorhátíð verkefnisins og á námskeiðinu *Viðhorf og virðing á vegum Rauða kross Íslands (Framtíð í nýju landi: Ársskýrsla 2006, 2006)*.

Samtals 35 þátttakendur, allt víetnömsk ungmenni, voru skráðir og tóku þátt í einum eða fleiri FÍNL-verkefnispáttum á þremur árum. Þegar verkefninu lauk árið 2007 voru ellefu nemendur virkir þátttakendur í viðburðum og starfsemi FÍNL og þátttakendur í öllum verkefnispáttunum. Verkefnisstjóri, sem talar víetnömsku, stýrði rannsókninni og stjórnaði verkefninu með aðstoð skipuleggjanda mentora í 25% starfi.

Hér á eftir verður fjallað um þátttakendur og helstu samstarfsaðila í verkefninu.

Þátttakendur

Átta einstaklingar tóku þátt í verkefninu fyrstu sex mánuði ársins 2005 en þátttakendur urðu samtals 35 áður en yfir lauk. Virkir þátttakendur voru hins vegar aðeins ellefu, fimm stúlkur og sex piltar, þegar verkefninu lauk árið 2007, eins og áður sagði.

Þátttakendur í verkefninu voru ungmenni af fyrstu kynslóð innflytjenda frá Víetnam á aldrinum 16 til 25 ára sem komið höfðu til Íslands misgömul, allt niður í fjögurra ára að aldri. Fyrir utan nokkur þeirra, sem komu frá úthverfum Hanoi-borgar, voru þau flest úr Quang Ninh-héraði í norðurhluta Víetnam. Aðalatvinnugreinin í Quang Ninh var kolagröftur. Í þeim skólum sem þau höfðu sótt þar voru að meðaltali 35 nemendur í hverjum bekk. Vegna fjölda nemenda í skólunum og til þess að allir fengju tækifæri til að koma í skólann var hverjum bekk aðeins kennt hálfan daginn, á morgnana eða síðdegis, og fékk hver bekkur um 20 kennslustundir á viku. Nemendur fengu enga reynslu af því að læra önnur tungumál en sitt eigið, víetnömsku. Ólíkt íslensku, sem er beygingatungumál (e. *inflectional*), er víetnamska tónatungumál sem notar tónhæð til að gefa til kynna merkingarmun orða (Avery og Ehrlich, 1992). Mismunandi tónhæð er mikilvægur þáttur tungumálsins, líkt og áherslur og rétt orðaröð eru í öllum tungumálum. Í tónatungumálum ræðst merking orða og málfræðileg flokkun, t.d. tíð sagna, af tónhæðinni (Crystal, 1991).

Þar sem víetnömsku ungmennin sem þátt tóku í verkefninu höfðu ekki reynslu af því að læra erlent tungumál og höfðu auk þess notið fremur fábreyttrar skólagöngu reyndist það þeim erfið raun að halda sínu striki í skólanum og aðlagast íslensku samfélagi. Því voru aðstæður unga fólksins oft þessar: Áberandi skortur á sjálfsöryggi, lítil ábyrgð á eigin menntun, lítil stuðningur heima fyrir og litlir möguleikar til að nýta sér tækifæri til mennt-

unar, áberandi samskiptaerfiðleikar milli foreldra og ungmenna og greinileg þörf fyrir leiðsögn og aðstoð við að skipuleggja líf sitt (Hilma H. Sigurðardóttir, 2005). Ennfremur bjuggu foreldrar, eins og áður, sagði við tungumálaerfiðleika og skorti þekkingu á íslenskrí menningu til að geta leiðbeint börnum sínum (Anh-Dao Tran, 2007a).

Helstu niðurstöður könnunar Hilmu H. Sigurðardóttur (2005) voru að víetnömsku ungmennin dreymdi flest um að læra einhverja iðn. Þau skorti hins vegar trú á að þau gætu náð þeim árangri vegna tungumálahindrana sem við þeim blöstu. Ungmennin töldu að samvinna FÍNL við skóla og vinnustaði, sem tengdi þau við íslenskt samfélag með liðveislu mentora, myndi hvetja, ýta undir og efla þau við að halda áfram námi.

Fyrsta skref ungmennanna þegar þau gengu til liðs við verkefnið var að koma í viðtal við verkefnisstjóra. Tilgangurinn með viðtalinu var að gefa verkefnisstjóranum tækifæri til að kynna einstaklingnum, félagslífi hans, atvinnustöðu, fjölskyldulífi, menntun og þeim markmiðum sem hann hafði sett sér áður en gerð var námsáætlun fyrir hann. Áætlunin var leiðarljós fyrir þá sem unnu með ungmenninu, en hana var hægt að laga að stöðu og áhuga hvers og eins. Talið var að áætlun um skólasókn myndi hjálpa einstaklingnum að forgangsraða og ná jafnvægi milli þess að afla sér viðurværis, mennta sig fyrir framtíðina og ná félagslegum árangri. Almennt fannst ungmennunum áætlunin sem nefnd var „nám með starfi“ vera raunhæf aðferð til að ná framtíðarmarkmiðum sínum (Hilma H. Sigurðardóttir, 2005).

Samstarfsaðilar: Framhaldsskólar og aðrar menntastofnanir

FÍNL lagði frá upphafi áherslu á framhaldsskólanám og studdist við upplýsingar frá unga fólkinu og foreldrum þess til að meta þörf fyrir viðbótaraðstoð vegna námsins. Í framhaldsskólunum gátu ungir innflytjendur lært íslensku, iðngrein eða aðrar námsgreinar sem undirbjuggu þá fyrir nám á háskólastigi.

Þegar FÍNL fór af stað í desember 2004 var Iðnskólinn í Reykjavík eini skólinn í landinu sem tók byrjendur inn í fullt tveggja ára nám í íslensku sem öðru tungumáli. Kennslan fór aðeins fram á morgnana þannig að nemendur höfðu tíma til að stunda vinnu síðdegis til að sjá sér farborða. Þegar lengra dró í náminu töldu víetnömsku ungmennin hins vegar að erfiðara yrði fyrir þá nemendur sem ekki kunnu ensku eða eitthvert annað vestrænt tungumál að ráða við námið. Því heltust þeir sem höfðu veikan akademískan bakgrunn brátt úr lestinni. Ungmenni sem höfðu hug á að læra iðngrein urðu svartsýn á getu sína í námi vegna þess að íslenskukunnátta þeirra var ekki nægilega góð til þess að þau gætu lokið námskeiðum og framhaldsskólar gátu ekki veitt þeim stuðningskennslu. FÍNL lagði í byrjun áherslu á að breyta þessu ástandi.

Markmiðin með samstarfinu við framhaldsskóla voru fjögur. Í fyrsta lagi að kynna víetnömskum ungmennum sem voru að ljúka tíunda bekk grunnskóla ólíka framhaldsskóla til þess að þau gætu valið sér réttan skóla miðað við áhugamál. Í öðru lagi að efla traust milli þátttakenda og kennara og annarra starfsmanna skólanna og leggja með því grunn að sjálfstæði þátttakenda til framtíðar. Í þriðja lagi að fylgjast með framgangi þátttakendanna, hvetja þá og veita þeim sálfræðilegan og námslegan stuðning í skólagöngu og félagslífi til að vinna gegn því að þeir hyrfu frá námi. Í fjórða lagi að tryggja að þeir fengju þá aðstoð sem þeir þyrftu á að halda innan skólanna og stuðla þannig að því að skólagangan yrði árangursrík. FÍNL hafði í samstarfi við skólastjórnendur og kennara áhrif á námsáætlanir nemenda, með það í huga að hæfileikar þeirra og geta væru metin að verðleikum og lögð væri áhersla á aðstoð í þeim þáttum námsins sem reyndust viðkomandi erfiðastir.

Á þriðja ára starfstímabili efndi FÍNL aðallega til samstarfs við Iðnskólann í Reykjavík, Menntaskólann í Kópavogi og Framhaldsskólann við Ármúla, af þeirri einföldu ástæðu að þessir skólar buðu nám í íslensku sem öðru tungumáli eða skipulögðu aðra séraðstoð

fyrir unga innflytjendur. FÍNL kynnti ungmennunum það nám sem var í boði og skólarnir aðstoðuðu þau við að skrá sig. Námskeiðin sem unga fólkið sótti á þessu þriggja ára tímabili voru í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSA), trésmíði, prentun, hagfræði og hagnýtum viðskipta- og fjármálagreinum. Þegar nemendur höfðu hafið nám hafði verkefnisstjóri FÍNL reglulega samband við sviðsstjóra, skólameistara og deildarstjóra til að fylgjast með framvindu þess og setja fram óskir um viðbótaraðstoð, svo sem við útskýringar á spurningum og leiðbeiningum á prófum, þegar á þurfti að halda. Auk áðurnefndu skólanna þriggja námu þátttakendur einnig við Verzlunarskóla Íslands, Menntaskólann við Hamrahlíð, Kvinnaskólann og Fjölbrotaskólann í Breiðholti, en í þessum skólum voru þeir á náttúrufræðibrautum til stúdentsprófs og stefndu að námi í háskóla.

Vegna nemenda sem ekki höfðu nægilegt sjálfstraust eða bjuggu við aðstæður sem leyfðu þeim ekki formlega skólagöngu í framhaldsskóla efndi FÍNL til samvinnu við Námsflokka Reykjavíkur um íslenskunámskeið og við Fjölsmiðjuna um annars konar undirbúning. Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk sem stendur á krossgötum þar sem því gefst tækifæri til að þjálfast fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám (*Fjölsmiðjan fyrir ungt fólk á krossgötum*, 2009). Fjölsmiðjan skapaði þátttakendum vettvang fyrir vinnu í rafdeild, tölvu-, prent- og þökkunardeild og í trésmíðadeild til þess að hjálpa þeim að átta sig á áhugamálum sínum áður en þeir héldu áfram í framhaldsskóla.

Í samstarfsneti FÍNL voru Menntaskólinn við Hamrahlíð, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands og Kennaraháskóli Íslands. Nemendur við háskólana tvo fengu til að mynda náms- einingar fyrir að vera mentorar þátttakenda í FÍNL. Þá hélt verkefnisstjóri FÍNL stöðupróf í móðurmáli fyrir vietnamska nemendur í Menntaskólann í Hamrahlíð í byrjun hvers skóla- árs. Þessir nemendur nýttu þær einingar sem þeir fengu með þessum hætti til að sleppa nokkrum námskeiðum í skólanum, svo sem í dönsku. Í september árið 2007 opnaði skólinn dyr sínar fyrir FÍNL til að halda málþing með ungmennum af erlendum uppruna undir yfirskriftinni „Framtíð okkar í nýju landi: Erum við Íslendingar?“ Tilgangurinn með málþinginu var að láta rödd þessara ungmenna heyrast og auka þannig skilning milli þeirra og annarra landsmanna. Í október sama ár lögðu tólf framhalds-, grunn- og málaskólar FÍNL lið við að koma á fót námskeiði fyrir kennara í Ráttarástjórnunni, sérstakri aðferð við kennslu tungumála. Kennari á námskeiðinu var höfundurinn sjálfur, John Ráttarástjórnunni, prófessor við Dartmouth College í New Hampshire í Bandaríkjunum. Markmiðið með þessu námskeiði var að kynna fyrir íslenskukennurum, einkum þeim sem kenna íslensku sem annað tungumál, nýja kennsluáðferð sem ætlað er að brjóta múra, hvetja og efla tungu- málanema.

Samstarf við fyrirtæki

Þessi verkefnisþáttur var mótaður á öðru ári verkefnisins. Reynslan af vinnunni með ungmennunum hafði bent til þess að í samstarfi við fyrirtæki gæti falist góð lausn fyrir þá sem kynnu takmarkað fyrir sér í íslensku og hefðu almennt veikan menntunarlegan bakgrunn. Ennfremur hafði komið fram í könnun Hilmu H. Sigurðardóttur að 82% af þeim 42 ungmennum sem hún spurði töldu meiri líkur á að þau „færu í nám sem þau langar í ef það væri í boði í tengslum við vinnu“ (Hilma H. Sigurðardóttir, 2005).

Markmiðin með samstarfi FÍNL við fyrirtæki voru einkum tvö konar. Annars vegar að skapa ungu fólki á skólabekk vettvang til starfsþjálfunar, og þar með ný tækifæri til að ljúka námi, hins vegar að veita þeim sem ekki töldu sig reiðubúna til að hefja formlegt starfsnám innan veggja skólanna kost á að tvinna saman vinnu og nám. Skammtíma- markmiðið með þessari samvinnu við fyrirtækin var að gefa þátttakendum færi á að læra fagmál atvinnugreinarinnar sem þeir höfðu mestan áhuga á. Langtímamarkmiðin voru hins vegar þau að veita þeim nýja hvatningu og tækifæri til að fara aftur í skóla, í starfs- nám eða aðra sérhæfingu.

Áður en þátttakendur hófu störf í fyrirtækjunum var gerður þríliða samningur milli þátttakanda, fyrirtækisins og FÍNL. Í samningnum kom skýrt fram hvert hlutverk hvers samningsaðila skyldi vera. FÍNL hafði fyrst og fremst það hlutverk að kynna verkefnið fyrir fyrirtækinu, fylgjast með gerð verkáætlunar með fulltrúa fyrirtækisins og funda bæði með verkstjóra og svonefndum „fóstra“ innan fyrirtækisins, sem var útnefndur til að taka viðkomandi þátttakanda undir sinn verndarvæng, kenna honum þá íslensku sem hann þyrfti að tileinka sér við störf sín og segja honum til við vinnuna. Fyrirtækið átti fyrst og fremst að kenna hinum unga lærlingi, styðja hann og hvetja við námið. Lærlingurinn bar síðan ábyrgð á að nýta sér til fullnustu tækifærið sem hann hafði fengið, verða virkur í starfsmannahópnum og læra íslensku auk þeirra verka sem honum voru sett fyrir í samræmi við samning fyrirtækisins og FÍNL.

Tvö fyrirtæki samþykktu að taka við fjórum þátttakendum FÍNL sem lærlingum. Tveir þeirra voru í smíðanámi í skóla og voru því að uppfylla starfsþjálfunarkröfur sem gerðar voru í náminu. Þeir fylgdu sama þjálfunarferli og aðrir sem komu á þessum forsendum inn í fyrirtækið. Hinir tveir vildu læra grundvallaratriði í bifvélavirkjun og trésmíði og fylgdu því námslíkani sem FÍNL hafði þróað með fyrirtækjunum.

Fyrir utan störfin í fyrirtækjunum tveimur fékk einn iðnnemi úr hópi þátttakenda, með aðstoð Eflingar – stéttarfélags, sumarvinnu við prentun til að uppfylla hluta af kröfum í starfsnámi.

Mentorastarfið

Markmiðið með mentoraverkefni FÍNL var að koma á gagnkvæmum tengslum sem byggð væru á jafnréttisgrunni milli innfæddra Íslendinga og Víetnama. Víetnömsk ungmenni fengju með þessu betri innsýn inn í íslenska menningu, ættu auðveldara með að kynnst möguleikum til afþreyingar innan samfélagsins, kynntust einstaklingi sem væri þeim góð fyrirmynd og fengju hvatningu sem eflði sjálfsmynd þeirra. Íslensku mentorarnir fengju hins vegar tækifæri til að kynnst framandi venjum og hefðum, nýrri menningu, sem óneitanlega myndi víkka sjóndeildarhring þeirra. Segja má að óskráð markmið hafi verið að þessi tengsl milli tveggja einstaklinga með ólíkan bakgrunn gætu þróað í vináttu sem myndi dýpka þegar mentoraverkefninu væri formlega lokið og viðkomandi gætu áfram verið vinir um ókomna framtíð.

Tveir mentorar í verkefninu voru frá Kennaraháskóla Íslands og nýttu vinnuna sem hluta af kennaranámi sínu; aðrir voru fengnir í gegnum Sjálfboðamiðstöð Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands. Ferlið við að fá sjálfboðaliða til starfa hófst með viðtali starfsmanns við kandídat í verkefnið til að meta viðkomandi einstakling og greina hversu vel hann hentaði í verkefnið. Kynna þurfti FÍNL-verkefnið í heild fyrir honum, og mentorabátt þess sérstaklega, auk þess sem honum var afhentur upplýsingapakki um landshætti og menningu í Víetnam. Þegar þessu ferli var lokið þurfti að bera saman einstaklinga og para saman kandídat og þátttakanda sem taldir voru passa vel saman. Umsjónarmaður mentoraverkefnisins kom á fundi þeirra, skýrði tilganginn með samstarfi þeirra og ákvað með þeim hvaða sértækum markmiðum þeir myndu vinna að og ljúka. Verkefnið gerði samning við mentorana um að hitta ungmennin einu sinni í viku, í tvær til þrjár klukkustundir í senn, í níu mánuði. FÍNL tók þessi viðmið upp frá mörgum erlendum mentoraverkefnum, til að mynda kom fram í verkefninu *Mentoring: A Promising Strategy for Youth Development* að „því lengur sem mentoratengslin vara þeim mun betri verður árangurinn“ og að „líkurnar á að ungmenni hafi hag af slíku sambandi aukast ef mentorar hafa oft samband við þau og kynnst fjölskyldum þeirra“ (Jekielek o.fl., 2002, bls. 4, þýðing höfundu).



Mynd 2 – Þátttakendur og mentorar í ferðalagi. Úr *Framtíð í nýju landi 2004–2007* (2007).

Starfsmenn FÍNL fylgdust náíð með hverju mentorapari til að tryggja að þau hittust reglulega og ynnu í því að styrkja samband sitt og skapa traust strax frá byrjun. FÍNL veitti stuðning, meðal annars með námskeiðum fyrir mentora, þar sem fram kom til hvers væri ætlast af þeim. Einnig fengu mentorarnir í hendur skriflegar upplýsingar sem þeir gátu notfært sér. Mentorar hittust á sex til átta vikna fresti til að deila reynslu sinni og leita stuðnings hver hjá öðrum. Við lok samningstímabila voru mentorar og ungmennin sem þeir leiðbeindu beðnir að svara könnun um reynslu sína.

Tengsl styrktust við að deila saman góðum stundum, svo sem að fara í keilu, horfa á kvikmynd, fara á kaffihús, heimsækjast á, baka, elda og borða saman máltíð eða spjalla um lífið og tilveruna. FÍNL skapaði líka tækifæri fyrir mentora og skjólstæðinga þeirra til að efla samstarf og styrkja böndin. Til að mynda var haldinn kynningardagur um Víetnam, þar sem mentorapörin unnu saman við að kynna víetnamskar bókmenntir, hefðir, hjónabönd, útfararsíði, hátíðir og stjórnmálakerfi, en einnig var farið í tjaldferðalög til að læra um íslenska náttúru og haldin hópeflisnámskeið. Með tímanum urðu mentorar trúnaðarvinir ungmennanna sem þeim var ætlað að styðja og gátu, auk þess að gefa ráð varðandi námið, rætt við þá „um heima og geima, ýmsa hluti úr daglegu lífi, menningu Íslendinga, að vera góðar vinkonur...“ (*Framtíð í nýju landi 2004–2007*, 2007).

Mat á *Framtíð í nýju landi* og reynsla af verkefninu

Mat á verkefninu *Framtíð í nýju landi* fór eins og áður segir fram frá febrúar til aprílloka 2007 (Guðbjörg Danielsdóttir, 2007). Matið fólst í ferilúttekt, sem skilgreind var sem eigindleg rannsóknaraðferð. Markmiðið var að skilja hlutina frá sjónarhóli þeirra sem þátt tóku í rannsókninni (Bogdan og Biklen, 2003; Guðbjörg Danielsdóttir, 2007). Í úttektinni voru eins og áður segir tekin 26 viðtöl við níu þátttakendur FÍNL, tvo foreldra, fjóra mentora, tvo kennara, tvo sjálfboðaliða sem veittu námsaðstoð, tvo verkstjóra, þrjá stjórnarmenn FÍNL og tvo starfsmenn FÍNL. Viðtal var tekið við hvern einstakling en í

nokkrum viðtölum við víetnömsku ungmennin var túlkur viðstaddur til aðstoðar. Tilgangur viðtalanna var að afla upplýsinga um tengsl þátttakenda við FÍNL og hvort markmið FÍNL um að styðja ungmennin hefðu náðst. Eftirfarandi þættir voru metnir: Einstaklingsmiðuð ráðgjöf, mentorabáttur, nám og skóli og atvinna. Einnig voru tekin tvö rýnihópaviðtöl, eitt með mentorum og annað með FÍNL-þátttakendum, þar sem fjallað var um styrkleika og veikleika verkefnisins. Öll skráð gögn sem safnað hafði verið þau þrjú ár sem verkefnið stóð yfir, svo sem fundargerðir, viðtöl við mentora og þátttakendur, voru einnig greind. Niðurstöður úr einstökum þáttum matsins fara hér á eftir.

Samstarf við framhaldsskóla

Í viðtölum sem tekin voru við kennara í ferilúttektinni á verkefninu kom m.a. fram að

[f]ærri nemendur hafa hætt og árangur þeirra er miklu betri. Ávinningurinn er einnig fleiri einingar, betri líðan, krakkarnir eru ákveðnari, vita betur hvað þau vilja, sækja betur rétt sinn og sækja betur kennslustundir. Kennarar tala minna um að þessir nemendur eigi í erfiðleikum. (Guðbjörg Daníelsdóttir, 2007)

Í lok ársins 2008 höfðu 35 ungmenni tekið þátt í verkefninu frá byrjun eins og áður segir. Þar af höfðu tvö lokið starfsnámi, sex lokið stúdentsprófi og fjögur haldið áfram í háskólanám. Í verkefnislok voru ellefu virkir þátttakendur í verkefninu, þar af voru sjö í skóla (fjórir í starfsnámi og þrír stefndu að stúdentsprófi) og áttu að ljúka námi 2009 eða 2010. FÍNL hafði sýnt þessum víetnömsku ungmönnum fram á að með mikilli ástundun og einbeittum vilja gætu þau náð árangri í íslenska skólakerfinu. Skólarnir lærðu einnig dýrmæta lexíu af þessum hópi frumkvöðla sem FÍNL leiðbeindi við skólafarfið. Einn kennari nefndi með öðru að reynsla skólans hefði verið sú að erlendir nemendur lentu í erfiðleikum á faglega sviðinu þó að þeir væru sæmilega færir í íslensku. Fagmálið hefði reynst þeim erfitt og lengi vel hefði skólinn ekki áttað sig á þessum vanda (Guðbjörg Daníelsdóttir, 2007).

Einnig kom fram hjá kennara að verkefnið FÍNL hefði verið hvatning fyrir skólann til að reyna nýjar lausnir. Á fagbóklega sviðinu hefði kerfisbundinn stuðningur verið efdur til muna. Áður hefðu nemendur þurft að koma og biðja um aðstoð, en nú fylgdust kennarar betur með því hvort þeir þyrftu einhverja hjálp á tilteknum sviðum. Kennarar væru meira spurðir hvernig gengi hjá þessum nemendum og hvort þeir réðu við það sem þeir væru að gera. Kennarinn lýsti einnig þeim stuðningi sem bætt hafði verið inn, annars vegar aukatímum hjá íslenskukennurum í íslensku og hins vegar aukatímum hjá fagkennurum þar sem nemendur fengu hjálp með fagmálið. Enn ein breyting sem hafði átt sér stað að sögn kennarans var sú að skólinn hafði lagað uppröðun námskeiða betur að þörfum nemendanna, lagt meiri áherslu á verklegar greinar í upphafi og þær bóklegu látnar bíða, enda hafi þær reynst nemendum af erlendum uppruna erfiður þröskuldur við upphaf námsins. Að sigrast á verklegu greinunum í byrjun hafi aukið áræðni nemenda og sjálfstraust að mati kennaranna og það væri gott veganesti þegar kæmi að bóklegu greinunum (Guðbjörg Daníelsdóttir, 2007).

Reynsla af mentorastarfi

Með viðtölum við þátttakendur, foreldra og mentora komst Guðbjörg Daníelsdóttir að þeirri niðurstöðu að mentorastarfið hefði verið mikilvægasti þáttur verkefnisins. Þrátt fyrir tungumálaerfiðleika sem stundum stóðu mentorasambandi fyrir þrífum tókst mentorunum að yfirvinna vandamálin og þróa tengsl sín í vináttusamband. Þeir sögðu að Víetnamarnir væru komnir í vinnuhóp þeirra. Einn mentoranna sagði:

Fyrst var þetta formlegt og stíft, hringdum okkur saman og ég reyndi að finna tilefni, svo sem kaffihús eða bíó. Eftir 2–3 mánuði þróaðist þetta út í vináttu. Eignum margt sameiginlegt þótt við séum ólíkar. Hætti að vera kvöð. Formleg-

heit og feimni hurfu út og þetta varð partur af lífinu. (Guðbjörg Daníelsdóttir, 2007, bls. 25)

Mentorunum fannst þeir hafa haft meiri hag af þessum nýju hlutverkum sínum en þeir áttu von á. Þeir nefndu nokkra þætti sem hefðu komið þeim á óvart, svo sem að þeir hefðu ekki búist við að fá svona mikið til baka, mentorahlutverkið hefði fært þeim aukna víðsýni og meiri innsýn í innflytjendamál, dregið úr fordómum þeirra og gefið þeim tækifæri sem kennurum til að taka á málum ungmenna af erlendum uppruna (Guðbjörg Daníelsdóttir, 2007).

Samstarf við fyrirtæki

Áður en víetnömsku ungmennin komu í starfsþjálfun hjá fyrirtækjunum höfðu þau aðeins unnið verksmiðjustörf þar sem ekki var krafist mikillar kunnáttu í íslensku og ekki var þörf á flóknum tjáskiptum við Íslendinga. Vegna þess að í hinu nýja vinnuumhverfi unnu litlir starfsmannahópar saman og vinnufélagarnir voru Íslendingar frekar en aðrir Víetnamar, sem kallaði á talsverða íslenskukunnáttu og tileinkun vinnureglna og ólíkrar fyrirtækjamenningar, urðu ungmennin að leggja harðar að sér við aðlögun og lærdóm en þau höfðu gert ráð fyrir. Aðlögunin átti sér hins vegar stað hjá fleirum en ungmennunum sjálfum, ekki síst samstarfsfólki þeirra. Verkefnisstjóri FÍNL útskýrði oftsinnis í heimsóknum sínum fyrir báðum aðilum mismun á menningu hópanna tveggja vegna atvika sem upp höfðu komið.

Verkstjórum hjá einu fyrirtækjanna þótti líkanið sem FÍNL hafði þróað fyrir samstarf við fyrirtækin, þetta samband íslenskukennslu og starfsþjálfunar, hafa skilað miklum árangri fyrir þátttakendur sem voru í þjálfun hjá fyrirtækinu. Frá sjónarhóli fyrirtækisins hafði samstarfið „gefið góða raun og haft jákvæð áhrif á starfsandann í fyrirtækinu“ (*Framtíð í nýju landi 2004–2007*, 2007, bls. 29). Þessi jákvæðu áhrif innan fyrirtækisins eru í samræmi við niðurstöður verkefnisins *The Connecticut Mentoring Evaluation* (Groton Public Schools, 2003) en þar kom fram að mentorar sem störfuðu að viðskiptum töldu að viðhorf sín hefðu að vissu leyti batnað og afköst aukist eftir að þeir tóku þátt í mentorastarfinu (Groton Public Schools, 2003). Verkstjóri eins af víetnömsku ungmennunum lýsti framvindunni hjá því þannig: „Hann tjáði sig meira og jók samskipti sín við aðra starfsmenn. Hann er alltaf að bæta sig í starfsgreininni og taka meira frumkvæði. Hann er nú hluti af hópnum“ (*Framtíð í nýju landi 2004–2007*, 2007, bls. 29). Þetta þýddi að félagsleg sjálfsmynd þátttakandans hafði styrkst og „trú hans á eigin getu“, en að mati Elsu Sigríðar Jónsdóttur (2007, bls. 85) endurspeglar félagsleg sjálfsmynd „gildi og skoðanir hópsins sem viðkomandi persóna tilheyrir“ og „trú á eigin getu ... vísar til þess hversu vel maður treystir sér til að leysa tiltekin verkefni ...“.


Niðurstöður og umræður

Eins og áður hefur komið fram var í þróunarverkefninu FÍNL hugað að því hvað helst hindraði unga innflytjendur á Íslandi í að ná markmiðum sínum í lífinu en niðurstöður ýmissa rannsókna hafa sýnt fram á erfiða stöðu þeirra í íslensku samfélagi og skólum (Anh-Dao Tran, 2007a; Hanna Ragnarsdóttir, 2011; Nína V. Magnúsdóttir, 2010; Schubert, 2010; Sólveig Brynja Grétarsdóttir, 2007; Þóroddur Bjarnason, 2010). Einnig var hugað að því hvers konar stuðningsnet væri nauðsynlegt til að styðja unga innflytjendur til aðlögunar að íslensku samfélagi. Í ljós kom að þær hindranir sem ungir víetnamskir þátttakendur í verkefninu glímdu við urðu viðráðanlegri með þeirri aðstoð við menntun og aðlögun að samfélaginu sem verkefnið fól í sér. Fyrsta hindrunin var skortur á íslenskukennslu; engin heppileg íslenskunámskeið voru fyrir hendi sem gerðu ungmennunum kleift að ná þeirri íslenskukunnáttu sem þau þurftu á að halda til að fara í framhaldsskóla. Önnur hindrunin var sú að vegna slakrar íslenskukunnáttu og takmarkaðrar fyrri menntunar gátu þau ekki haldið sér á réttri braut í framhaldsskólanámi. Þriðja

hindrunin var skortur á innri hvatningu og sjálfsvirðingu. Fjórða hindrunin fólst í hamlandi fjölskylduaðstæðum; án kröftugs stuðnings fjölskyldnanna og skólakerfisins hafði menntabrautin einfaldlega reynst þeim ófær.

Heildarniðurstöður matsins voru á þá leið að þrátt fyrir nokkra erfiðleika í verkefninu, m.a. þær erfiðu aðstæður sem ungmennin bjuggu við og áður hefur verið getið, hefði FÍNL náð markmiðum sínum að tvennu leyti. Annars vegar hefði tekist að styðja og efla þátttakendur í að auka við menntun sína og aðlögun að Íslandi; hins vegar hefðu einstaklingar og stofnanir í sameiningu stuðlað að umbótum í menntakerfinu og samfélaginu til að liðsinna ungu fólki af erlendum uppruna.

Til var orðið líkan að samstarfi og stuðningi sem nýst gæti öðrum innflytjendum og íslenskum ungmennum sem standa höllum fæti (Guðbjörg Daníelsdóttir, 2007). Líkanið sem unnið var út frá (sjá *Mynd 3*) er heildstætt líkan sem nýta mætti víðar í vinnu með ungum innflytjendum til að styðja þá kerfisbundið til aukinnar velgengni í námi og starfi.



Mynd 3 – Líkan að Framtíð í nýju landi.

Margar rannsóknir hafa ótvírætt sýnt fram á að afskipti foreldra af námi barna sinna hafa jákvæð áhrif á námsárangur þeirra (Blank, 2009). Þetta var skoðað ásamt öðru í FÍNL-verkefninu eins og áður sagði og svo virðist sem tungumálhindranir og takmarkaður mannauður (e. *human capital*) foreldranna hafi heft þann stuðning sem þeir gátu veitt börnum sínum (Brooker, 2002; Portes og Fernández-Kelly, 2008).

Úrræðum FÍNL gagnvart þeim erfiðleikum sem ungmennin í verkefninu mættu var fyrst og fremst ætlað að efla ungmennin sjálf og aðstoða þau við að efla sjálfsmýnd sína og sjálfsvirðingu (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2007). Verkefnisstjóri, sem er einnig ættaður frá Víetnam og bjó því yfir skilningi á báðum menningarheimum og tungumálum, gat veitt þátttakendum óskipta athygli og beitt áhrifum sínum til þess að þeir nýttu styrkleika sinna, gætu glímt við veikleika sína og þroskast sem einstaklingar (Portes og Fernández-Kelly, 2008). Þegar foreldrarnir gátu ekki stutt börn sín nægilega á menntabrautinni (Anh-Dao Tran, 2007a) kom FÍNL til hjálpar, útvegaði ungmennunum mentora sem veittu námslegan og félagslegan stuðning (Colley, 2003; Cruddas, 2005; Jekielek, Moore, Hair og Scarupa, 2002) og lagðist á árar með þeim sem áhrifavaldur (Portes og Fernández-Kelly, 2008) við að styðja, ráðleggja, hvetja og efla þau í tilraunum þeirra við að undirbúa sig fyrir framtíðina. Verkefnið efndi til samstarfs við framhaldsskóla til að auka skilning og styrkja tengsl milli þessara nemenda og kennara þeirra; þannig var reynt að minnka líkur á brotthvarfi

þeirra úr skóla (Helga M. Steinsson, 2007). Einstaklingsbundin ráðgjöf og sjálfsstyrkingar-námskeið hjálpuðu ungmennunum ennfremur að öðlast betri skilning á styrkleikum sínum.

FÍNL komst einnig að þeirri niðurstöðu að fyrir mörg ungmennin, sem voru heft af takmarkaðri íslenskukunnáttu og lítilli fyrri menntun, væri þörf á að móta öflugna námsbraut í íslensku þar sem íslenska væri kennd sem annað tungumál og tekið væri tillit til ólíkra þarfa nemenda. Brautin var hugsuð fyrir þá sem áhuga hafa á námi á framhaldsskólastigi, bæði bóklegu og verklegu, eða vilja öðlast góða kunnáttu í íslensku til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. FÍNL fékk styrki frá menntamálaráðuneytinu úr Þróunarsjóði framhaldsskóla árin 2006 og 2007 til að vinna að tillögu að nýrri námsbraut sem nefnd var Íslenskubrautin. Megintilgangurinn með námsbrautinni var að þjálfa nemendur í íslensku með nýjum og öflugum aðferðum við tungumálakennslu, styrkja sjálfstraust þeirra, sjálfsþekkingu, samskiptahæfni og félagsleg tengsl, auk þess að kynna þeim Ísland, íslenskar bókmenntir og sögu landsins í því skyni að auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi. Séð væri til þess að hver nemandi eignaðist einn félagar á svipuðum aldri í framhaldsskóla sem nokkurs konar mentor í því skyni að kynnast Íslendingum, fjölskyldum og skólaumhverfi utan síns skóla.

Sérstakar námsbrautir fyrir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál gætu þó haft sína ókosti. Annars vegar eiga nemendur á slíkum brautum á hættu að einangrast frá öðrum íslenskum nemendum skólanna og hins vegar verða innfæddir íslenskir nemendur af möguleikum á að öðlast víðara alþjóðlegt sjónarhorn með viðurkenningu og skilningi á gildi fjölbreytni í menningu og tungumálum. Í íslenskum framhaldsskólum mætti því m.a. nýta hugmyndafræði fjölmenningslegrar menntunar, en í henni felst fyrst og fremst að veita skuli nemendum jöfn tækifæri til að sækja skóla án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernishóps, kynþáttar, litarháttar, félagslegrar stöðu, uppruna eða annarra þátta (Banks, 2007). Þannig mætti undirbúa börn fyrir líf í margþættu samfélagi því skólinn er staður fyrir menningaraðlögun og gagnkvæma miðlun upplýsinga og þekkingar milli kennara og nemenda. Að mati Nieto (1996) ögrar fjölmenningsleg menntun rasisma og afneitar honum sem og öðrum tegundum mismununar í skólum og samfélagi um leið og hún viðurkennir og staðfestir fjölbreytileikann sem býr í kennurum, nemendum og þjóðmenningu þeirra. Að kenna nemendum án þess að veita þeim fjölmenningslega menntun er að mati Nieto að senda þá út í lífið óundirbúna.

Í nýlegri skýrslu OECD, *Educating teachers for diversity: Meeting the challenge* (2010) kemur fram að uppruni, stétt og staða innflytjenda sé helsti áhrifavaldur hvað varðar frammistöðu nemenda, mun meiri en skólinn og er þar jafnframt lögð áhersla á að í skólum og menntakerfum sé unnið gegn ójöfnuði. Þá kemur þar einnig fram mikilvægi þess að nýta og virkja þann mikla auð sem nemendur og kennarar af ólíkum uppruna búa yfir.

Reynslan af þróunarverkefninu *Framtíð í nýju landi* sýndi að skipuleg samvinna milli ólíkra stofnana og samtaka og margvísleg hvatning gat skilað góðum árangri við að styrkja þátttakendur, draga úr hindrunum og þar með bæta möguleika ungs fólks af erlendum uppruna til að ná árangri í skólastarfi og bæta félagsleg tengsl sín. Með því að tengja saman ólíka samstarfsaðila við að veita unga fólkinu leiðsögn og aðstoð gat þriðjungur hópsins sett sér námsmarkmið og unnið að þeim. Þeir sem ekki völdu sér ákveðna námsbraut fengu mörg tækifæri til að tala íslensku, tengjast íslenskri menningu og reyna á getu sína í samstafi við vinnuveitendur og íslenska mentora. FÍNL-samstarf gerði einnig opinberum stofnunum og félagasamtökum ljóst hve mikilvægum hlutverkum þau gegna við samfélagsaðlögun ungra innflytjenda. FÍNL benti á þröskulda sem hægt væri að fjarlægja til að auka möguleika ungs fólks á að ná árangri, hvort heldur er í námi eða starfsþjálfun; hægt væri að laga íslenskukennslu betur að þörfum þeirra til að hún skilaði meiri árangri, jaðarhópar ættu greiðari aðgang að framhaldsskólum, foreldrar yrðu betur upplýstir um

skólakerfið og það gerði þá betur í stakk búna til að leiðbeina unga fólkinu og hvetja það til dáða. Verkefnið skilaði ekki síst árangri með því að setja fram líkan sem gæti hentað öðrum hópum ungs fólks, þar með talið fólki sem á íslensku að móðurmáli.

Niðurstaðan er sú að aðlögun er ekki einstefnugata. Leiðin þarf að liggja í báðar áttir. Allir þurfa að ferðast til að geta mæst, til að geta kynnst, sem er grunnur að því að allir geti búið saman í sátt og samlyndi. Leiðin til eindrægni allra þeirra sem byggja þessa eyju, þar sem eldur og ís og vatn mætast, liggur í gegnum MENNTUN, innan skóla sem utan. Menntunin bindur saman öll frumefni samfélagsins, sem stundum eru mjög ólík, en geta með góðri blöndun myndað samstæða heild. (Anh-Dao Tran, 2007b, bls. 7)

Þannig lýsir Anh-Dao Tran reynslu sinni sem ungs innflytjanda á Íslandi og reynslu sinni af vinnu með ungum innflytjendum og aðlögun þeirra. Við látum þau orð vera niðurlag þessarar umfjöllunar um FÍNL-verkefnið.

Heimildir

Anh-Dao Tran. (2007a). Factors affecting Asian students' academic achievement in Iceland. Í Kristín Bjarnadóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir (ritstjórar), *Þekking – Þjálfun – Proskji: Greinar um uppeldis- og fræðslumál: Delta Kappa Gamma – 30 ára afmælisrit* (bls. 191–214). Reykjavík: Delta Kappa Gamma – félag kvenna í fræðslustörfum á Íslandi.

Anh-Dao Tran. (2007b). Ferðumst til að geta mæst. Í Hildur Jónsdóttir (ritstjóri), *Framtíð í nýju landi 2004–2007* (bls. 6–7). Reykjavík: Framtíð í nýju landi.

Ari Klængur Jónsson og Elsa Arnardóttir. (2012). *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi*. Ísafjörður: Fjölmenningarsetur.

Avery, P. og Ehrlich, S. (1992). *Teaching American English pronunciation*. Oxford: Oxford University Press.

Banks, J. A. (2007). Multicultural education: Characteristics and goals. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education. Issues and perspectives* (6. útgáfa, bls. 3–30). New York: John Wiley.

Bean, J. og Eaton, S. B. (2001). The psychology underlying successful retention practices. *Journal of College Student Retention* 3(1), 73–89.

Blank, S. (2009). *Parent involvement in schools*. Guidance Channel Enzine. The Guidance Group (2000–2008). GuidanceChannel.com of Sunburst Visual Media. Sótt af <http://guidancechannel.com/default.aspx?index=2273&cat=13>

Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (2003). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods* (4. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.

Braxton, J. (2000). *Reworking the student departure puzzle*. Nashville: Vanderbilt University Press.

Brooker, L. (2002). *Starting school. Young children learning cultures*. Buckingham: Open University Press.

Children's Defense Fund. (2001). *Twin cities one to one feasibility: Final report*. Saint Paul: Children's Defense Fund Minnesota.

Colley, H. (2003). *Mentoring for social inclusion: A critical approach to nurturing mentor relationships*. London: RoutledgeFalmer.

Cruddas, L. (2005). *Learning mentors in schools: Policy and practice*. Stoke on Trent: Trentham.

Crystal, D. (1991). *A dictionary of linguistics and phonetics*. Cambridge: Basil Blackwell.

Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2007). Sjálfsmynd í fjölmeningarsamfélagi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmening á Íslandi* (bls. 77–98). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmeningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Fjölsmiðjan fyrir ungt fólk á krossgötum. (2009). Sótt af <http://www.fjolsmidjan.is/Um%20Fj%C3%B6lsmi%C3%B0juna>

Framtíð í nýju landi: Ársskýrsla 2005. (2005). Reykjavík: Framtíð í nýju landi.

Framtíð í nýju landi: Ársskýrsla 2006. (2006). Reykjavík: Framtíð í nýju landi.

Framtíð í nýju landi 2004–2007. (2007). Reykjavík: Framtíð í nýju landi.

Groton Public Schools. (2003). *The Connecticut mentoring evaluation project*. Sótt af <http://www.groton.k12.ct.us/docs/mentorDocs/evaluation.pdf>

Guðbjörg Daniëlsdóttir. (2007). *Úttekt á verkefninu „Framtíð í nýju landi“*. Reykjavík: Rannsóknir og greining, Háskólinn í Reykjavík.

Hagstofa Íslands. (2012a). Erlendir ríkisborgarar 1980. Sótt af <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Erlendir+r%EDkisborgarar+1950%2D2013%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fjoldi>

Hagstofa Íslands. (2012b). Erlendir ríkisborgarar 2009. Sótt af <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Erlendir+r%EDkisborgarar+1950%2D2013%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fjoldi>

Hagstofa Íslands. (2012c). Veiting íslensks ríkisfangs eftir fyrra ríkisfangi, kyni og aldri 1991–2012. Sótt af <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN04119%26ti=Veiting+%EDslensks+r%EDkisfangs+eftir+fyrra+r%EDkisfangi%2C+kyni+og+aldri+1991%2D2012%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfbr/%26lang=3%26units=Fjoldi>

Hagstofa Íslands. (2013). Mannfjöldi eftir fæðingarlandi, kyni og aldri 1. janúar 1998–2013. Sótt af <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN12103%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+f%E6%F0ingarlandi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+jan%FAar+1998%2D2013%26path=../Database/mannfjoldi/Faedingarland/%26lang=3%26units=Fjoldi>

Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Líf og störf ungra innflytjenda: Reynsla ungmenna af tíu ára búsetu á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 20(2), 53–70.

Helga M. Steinsson. (2007). Um námsmannaheldni og starfsþroska nemenda. Í Kristín Bjarnadóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir (ritstjórar), *Þekking – Þjálfun – Þroski: Greinar*

um uppeldis- og fræðslumál: *Delta Kappa Gamma – 30 ára afmælisrit* (bls. 179–190).
Reykjavík: Delta Kappa Gamma – félag kvenna í fræðslustörfum á Íslandi.

Hildur Blöndal. (2007). *Greinargerð vegna undirbúnings Íslenskuþrautarinnar*. Reykjavík:
Framtíð í nýju landi.

Hilma H. Sigurðardóttir. (2005). *Jafnrétti til náms: Tálsýn eða veruleiki. Staða víetnamskra
ungmenna í íslensku samfélagi*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.

Humphrey, E. (2006). Project success: helping probationary students achieve academic
success. *Journal of College Student Retention: Research, Theory and Practice*, 7(3–4),
147–163.

Jekielek, S. M., Moore, K. A., Hair, E. C. og Scarupa, H. J. (2002, febrúar). Mentoring:
A promising strategy for youth development. Í *Trends Child Research Brief*. Sótt af
<http://www.childtrends.org/Files/MentoringBrief2002.pdf>

Koshy, V. (2005). *Action research for improving practice – practical guide*. Thousand
Oaks: Sage.

Nieto, S. (1996). *Affirming diversity: The sociopolitical context of multicultural education*
(2. útgáfa). New York: Longman.

Nína V. Magnúsdóttir. (2010). „Allir vilja eignast Íslenskar vinir“: *Hverjar eru helstu
hindranir á vegi erlendra grunn- og framhaldsskólanemenda í íslensku skólakerfi?*
(Óútfegin meistaraaritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

OECD. (2010). *Educating teachers for diversity. Meeting the challenge*. Sótt af
http://www.oecd.org/document/38/0,3343,en_2649_35845581_44572006_1_1_1_1,00.html#3

OECD. (2012). *Equity and quality in education: Supporting disadvantaged students and
schools*. doi: 10.1787/9789264130852-en

Portes, A. og Fernández-Kelly, P. (2008). No margin for error: Educational and
occupational achievement among disadvantaged children of immigrants. *The Annals
of the American Academy of Political and Social Science*, 620(1), 12–36. Sótt af
<http://ann.sagepub.com>

Schubert, U. (2010). *Becoming bicultural. A study of migrated adolescents in the school
context* (óútfegin meistaraaritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Seidman, A. (2005). Minority student retention: Resources for practitioners. Í G. H.
Gaither (ritstjóri), *Minority retention: What works?* (bls. 7–24). San Francisco: Jossey-
Bass.

Solveig Brynja Grétarsdóttir. (2007). *Málskipti – Hvað skiptir máli? Rannsókn á náms-
framvindu 119 unglinga með annað mál en íslensku í framhaldsskólum* (óútfegin
meistaraaritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Þóroddur Bjarnason. (2010). Case study 1: Iceland. Cultural and linguistic predictors of
difficulties in school and risk behaviour. Í M. Molcho, T. Bjarnason, F. Cristini, M. Gaspar
de Matos, T. Koller, C. Moreno, S. N. Gabhainn og M. Santinello, *Foreign-born children in
Europe: An overview from the Health Behaviour in School-Aged Children (HBSC) Study*
(bls. 16–19). Brussel: International Organization for Migration.

Um höfunda

Anh-Dao Tran (adk3@hi.is) er doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknarsvið hennar er fjölmenningsfræði á framhaldsskólastigi. Hún er með M.A.-próf í kennslu heyrnarskertra og B.A. próf í frönsku. Hún er þátttakandi í rannsóknarverkefninu *Learning Spaces for Inclusion and Social Justice*, sem Hanna Ragnarsdóttir stýrir. Haustið 2013 tekur hún þátt í kennslu námskeiðs í Alþjóðlegu námi í menntunarfræðum.

Hanna Ragnarsdóttir (hannar@hi.is) er prófessor í fjölmenningsfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk B.A.-prófi í mannfræði og sagnfræði frá Háskóla Íslands, M.Sc.-prófi í mannfræði frá London School of Economics and Political Science og Dr.philos.-próf í menntunarfræðum frá Háskólanum í Ósló. Rannsóknir Hönnu hafa einkum snúist um börn og fullorðna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi og skólum, fjölmenningslega menntun og þróun skólustarfs í fjölmenningsarsamfélagi.

Efnisorð

ungt fólk af víetnömskum uppruna – ungt fólk af erlendum uppruna – mentorar – framhaldsskólar – samvinna við fyrirtæki – heildræn nálgun

About the authors

Anh-Dao Tran (adk3@hi.is) is a doctoral student in the School of Education at the University of Iceland. Her field of research is multicultural education at the upper secondary education level. Her M.A. was in education of the hearing impaired, and her B.A. was in French. She is a participant in the *Learning Spaces for Inclusion and Social Justice* research project led by Hanna Ragnarsdóttir. In the fall of 2013, she will participate in teaching an International Studies in Education course.

Hanna Ragnarsdóttir (hannar@hi.is) is Professor of Multicultural Studies in the School of Education at the University of Iceland. She holds a B.A. degree in anthropology and history from the University of Iceland, an M.Sc. degree in anthropology from the London School of Economics and Political Science and a Dr.philos. in education from the University of Oslo. Her research focuses on immigrant children and families in Iceland, multicultural education, and school reform.

Key words

youth of Vietnamese origins – youth of foreign origins – mentors – upper secondary schools – cooperation with companies – holistic approach



Anh-Dao Tran og Hanna Ragnarsdóttir. (2013).
Framtíð í nýju landi: Þróunarverkefni með innflytjendum í framhaldsskólum.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/008.pdf>